

Frá afmælis- fagnaði BSRB



Um 800 manns sóttu afmælishófið.

MYNDIR þær er hér birtast á síðunni eru frá afmælishófi BSRB í fyrradag á Hótel Sögu. Margar ræður voru fluttar í afmælisfagnaðinum og Bandalaginu voru gefnar margar gjafir, einnig barst því fjöldi heillaskeyta. Blað félagsins, Ásgarður, var sérstaklega helgað afmælinu og ritar Kristján Thorlacius formála að ritinu, BSRB 25 ára. Magnús Jónsson, fjármálaráðherra og formenn stjórnmálaflokkanna rita í það greinar, grein er um aðdraganda stofnunar samtakanna, viðtöl við nokkra fyrrverandi formenn, þá Lárus Sigurbjörnsson, forstöðumann Skjalasafns Reykjavíkurborgar og einn af aðalhvatamönnum að stofnun BSRB, Guðjón B. Baldvinsson, deildarstjóra,

sem einnig var einn af forgöngumönnum að stofnun BSRB og hefur átt sæti í stjórn þess allan tímann, sem það hefur starfað, Ólaf Björnsson, prófessor, Sigurð Ingimundarson, alþingismaður, og Kristján Thorlacius, deildarstjóra, núverandi formann bandalagsins. Einnig eru viðtöl við þá Harald Steinþórsson og Sverri Júlíusson, en hann er formaður í Starfsmannafélagi ríkisstarfsmanna, en það er stærsta aðildarfélagið innan BSRB.

Í ritinu er einnig skrá um félagið innan BSRB 1967 og eru þau 28.

Í grein Emils Jónssonar, formanns Alþýðuflokksins, segir í

ritinu: „Sú var tíðin að þeir, sem völdust til starfa hjá „hinu opinbera“ eins var það kallað, voru taldir lukkunnar pamfilar.

Þeir fengu örugga, fasta vinnu og svo fengu þeir eftirlaun, þegar þeir létu af störfum. Þannig leit almenningur á þetta, og þetta var á þeim tíma ekki óeðlileg skoðun, þegar atvinnuleysi var landlægt um lengri eða skemmri tíma, og ellilaun, sem því nafni var gefandi, voru ekki til.

En á þessu hefur orðið mikil breyting. Atvinnuleysi hefur tæpast verið til hér á landi síðastliðinn tvo og hálfan áratug, og ellilaun almannatrygginganna hafa farið vaxandi, og gera þó

væntanlega betur á næstunni. Hlunnindi þau, er fylgdu starfi opinberra starfsmanna áður, umfram aðra launþega eru því raunverulega horfin, í þeim skilningi, sem áður var.


Hins vegar hafa launakjör ýmissa starfsmanna, með svipaða eða sömu menntun og opinberir starfsmenn hafa á hinum frjálssa markaði, farið sífellt hækkandi, vegna mikillar eftirspurnar.

Þess vegna hafa launakjör ýmissa starfsmanna ríkis og bæja haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna, að tryggja umbjóðendum sínum sambærileg kjör við aðrar starfsgreinar, þar sem svipaðar kröfur eru gerðar til starfsmanna. Þó að ýmsir af meðlimum BSRB séu ekki til fulls ánægðir með sín kjör, tel ég að segja meg, að í aðalatriðum hafi samtökun-

Framhald á 10. síðu.



Helgi Bergs, Eggert G. Þorsteinsson og Eysteinn Jónsson við veizluborðið.



Formaður B.S.R.B. Kristján Thorlacius, deildarstjóri, þakkar Geir Hallgrímssyni, borgarstjóra fyrir gjöfina.

Sjávarútvegur

Framhald úr opnu.

bánkans og endurlánað með geng isfellingarkvöð.

Sjóðurinn lánar út á 1. veðrétt skipanna. Nú hafa skipin kostað yfir 14 millj. og þar með lánsupphæð sjóðsins yfir 9 millj. Sú regla hefur nú verið sett, að gagnvart þeirri upphæð, sem lán að er fram yfir kr. 9 millj. þarf að setja aukatryggingar og einnig er þessi viðbót aðeins lán uð til 7 ára eða jafnlengdar og skýpasmíðastöðin veitir sitt fyrir-greiðslulán.

Þessir tveir fyrrnefndu sjóðir voru helztu lánamöguleiki útgerðarmanna. Ásamt þeim var mikil hjálp í láni hjá tryggingafélögun um, en nú hefur að mestu verið tekið fyrir það.

Hin síðari ár hafa innflutnings-leyfi ekki verið nauðsynleg fyrir skipakaupum, en sífellt strángari reglur hafa verið settar. Kröfur voru gerðar til innborgunar 33% kaupverðs 1965 — og veldur þetta mjög miklum erfiðleikum við kaupin, því að ella gætu menn samið um 5% innborgun við undirritun samninga og síðan í áföngum að 33% við afhendinguna. Í dag geta því engir nema mjög vel efnum búnir aðilar keypt ný fiskiskip, út búin að kröfu nútímans. Ég get ekki skilið svo við innkaupin á bátunum, að benda ekki á þá staðreynd að varla hefur nyr bátur af stærðinni 75.120 tonn bætzt í hópinn hin síðari ár. Svo slæm hefur afkoman verið fyrir þessa stærð báta, að enginn vill leggja fé sitt í þá.

Útgerðin.

Þegar báturinn er kominn, nýr heim til hafnar er komið að úthaldi hans. Það má segja, að úthaldið hefjist með kaupum á veiðarfærum. Sé byrjað á vetrarvertíð eins og hún er hefðbundin hér fyrir sunnan, þarf að útvega línuefnið og fá það sett upp. Efnid er aðallega sisal og mest innflutt frá Danmörku, en einnig hefur Hampðjan selt talsvert magn. Í fjölda mörg ár var línuvertíðin nær eingöngu ráðandi, en á sl. 10 árum hefur notkun neta úr nylon farið sífellt vaxandi. Með vaxandi netanotkun hefur þörfin fyrir auknu rekstrarfé verulega sagt til sín og er nú svo komið, að langmestur afli á vetrarvertíð fæst í netin.

Þessi þróun hefur skapað mikil vandamál hjá bátunum og fisk kaupendum. Gæði fiskisins hafa farið versnandi og til þess að ná í sem mest verðmæti hafa menn freistast til þess að nota meira af netum en skynsamlegt er oft á tíðum.

Einnig hefur þessi tvískipting á veiðarfæri það í för með sér að lánar er mjög illa nýtt, því að varla er um að ræða að hefja vetrarvertíð með notaðri línu, en hins vegar má í flestum tilfellum nota sama ásinna út vertíðina. Engan veginn hafa bankarnir komið til móts við útvegsmenn með aukin rekstrarlán vegna vaxandi kostnaðar við veiðarfærin. Mjög oft hefur verið beðið um hækk-

andi rekstrarframlag, en án verulegs árangurs. Aðalreglan nú er kr. 200.000,00 á minni vertíðarbát og svo hækkandi upp í kr. 400.000,00 á þá nýjustu.

Þessar tölur hverfa á augabragði við upphaf vertíðar og komi við veðráttu eins og nú hefur verið undanfarið, komast flestir í hreint greiðsluþrot, því ekki er skilningur á aukningu til bátanna þótt veður hamli veiðum um lengri tíma.

Jafnframt auknu rekstrarfé vegna veiðarfærakostnaðar, hefur öll þjónusta við bátana vaxið að krónutölu um nærri helming frá því í ársbyrjun 1963 og sífellt er meiri þungi á staðgreiðslu. Allt þetta þjarmar að bátaflotanum og skapar nærri óleysanlega greiðslutregðu hjá útvegsmönnum.

Þegar svona ástand kemur upp skapar þetta mörg vandamál. Útvegsmenn geta ekki náð góðum kjörum um innkaup. Verra vinnu afl fæst á bátana og öll þjónusta verður verr af hendi leyst. Hér er komið að vitahring sem heldur rekstrinum í viðjum og mörg dæmi eru um það hvað skortur á rekstrarfé í upphafi vertíðar hefur komið bagalega niður á úthaldi vegna bílana á tækjum sem ekki var unnt að framkvæma athugun á vegna þennings.

Við innkaup veiðarfæra hefur fengið 3ja mánaða erl. lán, og er þetta mjög mikilvægt. Varðandi innkaup á síldarnótum í heilu lagi eru greiðslukjör 1/3 staðgr. og 1/3 á 6 mán og 1/3 á 12 mán.

Einn mjög þýðingarmikill þáttur við reksturinn er sala og greiðsla aflans. — Því miður er aflinn afhentur án nokkurrar tryggingar um greiðslu og getur kaupandinn haft peningana eins lengi og honum sýnist undir höndum án þess að greiða vexti og slíkt hefur tíðkæzt hingað til. Það er alveg undir greiðslugetu kaupandans komið hversu fljótt seljandi fær innborgun á aflann. Venjulega gengur fljótt að fá 33% af andvirði aflans í gegnum banka við veðsetningu, en meðan verið er að greiða niður rekstrarlánið fellur allt til bankans og verður þá útgerðin að bíða og treysta á getu kaupanda.

Hér er enn ein brotalöm í rekstri bátanna. Það hefur verið vilji margra að bankarnir innheimtu andvirði aflans eins og gert er fyrir togarana þegar veðsetning fer fram. Þetta mundi skapa miklu þetra greiðsluöryggi út á við og eins virðist manni, að bankarnir sæju þá sannarlega svart á hvítu fjármagnsþörf kaupenda út á afurðir sínar. En oft hefur vantað mikið á, að þar væri nægilega vel úr vandanum leyst.

Sala aflans til kaupenda hefur margsinis orðið tilefni til mikilla átaka útgerðarmanns og kaupenda. Mér er nær að halda, að einmitt við þessa framkvæmd, liggi sá punktur, er hættulegastur er í samskiptum manna í sjávarútveginum. Þetta er og hefur alltaf verið mjög viðkvæmt mál og hvernig aflinn er verðlagður. Því miður hafa útvegsmenn og kaupendur ekki borið gæfu til

þess að standa svo saman sem skyldi, og kann það að vera eðlilegt, þegar gaumur er gefinn að því hversu ólíkir hagsmunir eru hér á ferð. Þó er það svo, að þegar á allt er litið fara hagsmunir seljanda og verkanda saman í þessari undirstöðuáttvinnugrein og það er trú mín, að miklu betri árangur væri á báða boga gagnvart ríkisvaldinu, ef samstaða væri fyrir hendi innan útvegsins og verkunarinnar.

Það er næstum sama á hvaða tímabili maður kynnis sér ástand í útgerðinni, alltaf er erfitt fyrir og nauðsyn að halda vöku sinni og nú er bókstaflega lífsnauðsyn að halda sínu og sækja fram til þess að ná því sem tapast hefur vegna verðbólgu og ýmislegs annars.

Mér finnst kominn tími til þess að allir þeir sameinist af heilum hug sem við sjávarútveg fást og geri áætlun um útgerð og vinnslu sem eina heild, þar sem báðir aðilar geta starfað eins og heiðarlegir menn og standa fast á sínu, sem þá verður að vera vandlega rannsakað. Það er líka skoðun mín, að útvegsmenn þurfi að líta í eigin barm og finna hvað misfarizt hefur hjá þeim sjálfum innbyrðis og lagfæra það. Það á ekki að vera niðrandi að viðurkenna mis tók. Eins verður það að vera sjálfsagt að menn þori að halda fram rétti sínum við hvaða stjórn sem vera skal, því ella leitast hægt og bitandi til rekstrarstöðvunar, svo, sem nú er framundan.

Kaupstefna

Framhald af 7. síðu.

in og ná enn nánari samvinnu á sviði tæknivísinda og framleiðslu á grundvelli einkaleyfa.

Kaupstefnur og vörusýningar og þá ekki sízt Kaupstefnan í Leipzig efla mjög alþjóðleg viðskiptatengsl. Út frá þessu sjónarmiði hafa einnig nokkrar útflutningsmiðstöðvar þýzka alþýðulýðveldisins ákveðið að taka þátt í vörusýningu þeirri, sem verður hér í Reykjavík 20. maí n.k.

Ræða Gylfa

Framhald af 7. síðu.

hljóta að hafa kostað mikið fé, þessir rammar.

Í þessu andrúmslofti tók Þórarinn B. Þorláksson, þá ákvörðun, að gerast málari. Hann stundaði nám sitt lengur en nokkur Íslendingur hafði gert á undan honum. Hann varð lærður málari, fyrsti lærði málariinn, sem Íslendingar eignuðust. Og hann sneri aftur til lands síns. Þar ruddi hann brautina, breytti andrúmsloftinu, átti ríkan þátt í að vekja skilning á gildi málalistarar, opnaði augu landa sinna fyrir verðmætum, sem þeim höfðu verið hulin.

List Þórarins B. Þorlákssonar er sönn, ekki aðeins vegna þess, að hann kunni verk sitt, heldur einnig vegna hins, að hann hefur auðsjáanlega vandað allt, sem hann gerði. List hans er ljúf og fingerð. Í henni er heiðrikja, oft einnig viðkvæmni. Ég

hef einhvers staðar lesið, að Picasso hafi sagt, að til seu málara, sem breyti sólinni í gulan blett, og svo séu aðrir, sem breyti gulum bletti í sól. Þórarinn B. Þorláksson var í flokki hinna síðar nefndu. Í þeztu myndum hans er sá ylur og sú birta, sem aðeins streymir frá brjósti góðs listamanns.

Við, sem nú lifum, stöndum í mikilli þakkarskuld við Þórarinn B. Þorláksson, og ævistarfi hans. Auðvitað var hann sonur síns tíma. Málara nú á dögum mála ekki eins og hann. En einmitt það eykur gildi verka hans. Hann varð upphafsmaður nútíma málalistarar á Íslandi, listar, sem að vísu átti sér djúpar rætur í aldagömlum listvafnaði og listskurði, en endurfæddist þó ekki fyrir en um síðustu aldamót og hefur síðan náð glæsilegum broska. Á aldarafamæli Þórarins B. Þorlákssonar votta Íslendingar minningu hans djúpa virðingu. Þeir, minnst þess kjarks og þeirrar hjartsýni, sem mótaði þá ákvörðun hans að gerast málari, þeir minnst þeirrar vandvirkni og þeirrar einlægni, sem einkenndi allt starf hans, sem málara, þeir minnst þeirrar virðingar fyrir listinni og þeirrar ástar á henni, sem líf hans bar vott um.

Megi sá hugur, sem hann bar til listar sinnar, ávallt fylgja íslenzkri myndlist.

Með þeim orðum lýsi ég þessa sýningu á verkum Þórarins B. Þorlákssonar opna.

BSRB

Framhald af bls. 6.

um tekizt að tryggja meðlimum sínum mikinn árangur af þessari viðleitni.

Samtökin eru nú 25 ára gömul. Ég óska þeim til hamingju með það, sem unnizt hefur, og að þeim takist á komandi árum að halda vel í horfinu.

BSRB búrast eftirfarandi gjafir m.a.:

Frá ríkisstjórninni 50 hektara land í Móadal, landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, frá Reykjavíkurborg lóð undir félagsheimili í nýja miðbænum, frá Sambandi íslenzkra barnakennara málverk af fyrsta formanni bandalagsins, Sigurði Thorlacius, frá Starfsmannafélagi Rvíkurborgar málverk af Lárusi Sigurbjörnssyni, sem var næsti form. við Sigurð Thorlacius, frá Fél. íslenzkra síma manna og Póstmannafélagi Íslands málverk af Þingvöllum eftir Svein Þórarinsson, frá Guðjóni Baldvinssyni fundarhamar, frá átta starfsmannafélögum innan bandalagsins, Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar, Starfsmannafélagi Kópavogskaupstaðar, Starfsmannafélagi Keflavíkur, Starfsmannafélagi Vestmannaeyja, Starfsmannafélagi Akraneskaupstaðar, Félagi opinberra starfsmanna á Ísafirði, Starfsmannafélagi Siglufjarðar og Starfsmannafélagi Akureyrar var BSRB afhent fundarbjalla úr silfri, smíðuð hjá Georg Jensen í Kaupmannahöfn, frá Starfsmannafélagi Stjórnarráðsins fundarhamar úr flabeini, frá Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins vegg

skjöldur, frá Lögreglufélagi Reykjavíkur bréfnifur úr silfri með merki lögreglufélagsins, frá Hjúkrunarkvinnafélagi Íslands ofið veggteppi eftir Ásgerði Búa-dóttur, frá Tollvarðafélagi Íslands, málverk af Þingvöllum eftir Pétur Friðrik, frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana ræðustóll og frá Félagi flugmálastarfsmanna silfurvindrakassi. Auk þessa barst Bandalaginu fjöldi heillaóska-skeyta.

Kenwood
CHEF


Kenwood
CHEF

Kenwood
CHEF

Kenwood
CHEF

Kenwood
CHEF

Kenwood
CHEF



Kenwood
CHEF

Frá Heklu

Bílamálun

Réttingar

Bremsuviðgerðir o.fl.

VESTURÁS H.F.

Súðarvogi 30 — Sími 35740.

M

persia

GÓLFTEPPI
TEPPADREGLAR
TEPPALAGNIR
EFTIR MÁLI

Laugavegi 31 - Sími 11822.

Auglýsið í Alþýðublaðinu